


Langá á Mýrum 2003.
Framvinduskýrsla um laxarannsóknir

Sigurður Már Einarsson
Björn Theódórsson

Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/0408

Skýrslan er unnin fyrir Veiðifélag Langár

Apríl 2004



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Efnisyfirlit

	Bls
Inngangur	3
Aðferðir	3
Niðurstöður	4
Seiðabúskapur	4
Laxveiðin	5
Talning á laxi og veiðihlutfall	5
Fiskrækt	5
Umræður	6
Heimildaskrá	7
Myndir.	8
Töflur	11

Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir viðamiklum fiskirannsóknnum á laxastofni Langár á Mýrum árið 2003, en sambærilegar rannsóknir hafa verið stundaðar með hléum allt frá árinu 1975 (Árni Ísaksson 1985, Sigurður Már Einarsson 1988, 1989, 1990, 1994, 1998, 1999 og 2001, Sigurður Már Einarsson o.fl. 2001a, 2001b og 2003). Rannsóknir felast í árlegri vöktun seiðabúskapar þar sem fylgst er með breytingum á útbreiðslu, seiðapéttleika, vexti og lífmassa seiða. Með hreistursrannsóknnum er leitast við að fylgjast með afdrifum einstakra klakárganga og metinn árangur af seiðasleppingum á vatnasvæðið. Auk þess er sérstaklega fylgst með göngum laxa upp fyrir Sveðjufoss, en þar er fiskteljari staðsettur í ánni, en teljarinn gerir mögulegt að meta veiðiálág laxa og meta fjölda hroga sem hverju sinni er hrygnt í ána að hausti (Ingi Rúnar Jónsson 2003). Þá er fjallað um fiskrækt í ánni, en sjógönguseiðum er árlega sleppt í ána í ræktunarskyni. Veiðifélag Langár hefur sem fyrr stað straum af fyrrnefndum rannsóknnum.

Aðferðir

Seiðabúskapur Langár var kannaður dagana 18 – 19 ágúst, en leitast er við að kanna sömu staði í ánni á sama árstíma til að samanburður gagna verði sem raunhæfastur. Aðferðum sem beitt er við seiðarannsóknnum hefur áður verið ítarlega lýst (Sigurður Már Einarsson o.fl. 2003).

Hreistursýni bárust af 195 lögum sumarið 2003. Aðferðum við sýnatöku og úrvinnslu hefur áður verið lýst (Sigurður Már Einarsson o.fl. 2003).

Laxateljari var starfræktur í fiskveginum við Sveðjufoss frá 28. maí til 29. september (Ingi Rúnar Jónsson 2003), og hefur Veiðimálastofnun umsjón með starfrækslu teljarans allt frá árinu 2000, en þá voru gerðar endurbætur á hugbúnaði teljarans sem fyrst var starfræktur árið 1993.

Veiðiálág ofan Sveðjufoss og stærð hrygningarstofnsins var metinn samkvæmt aðferðum sem áður hefur verið lýst (Sigurður Már Einarsson o.fl. 2003).

Sumarið 2003 var alls dreift 10.043 laxaseiðum af Langárstofni og dreifðust seiðin á fjóra sleppistaði. UM 5000 seiðanna voru höfðu venjulega eins árs eldisferil og voru seiðin 54 gr. að meðaltali við sleppingu. Afgangur seiðanna alls 5043 seiði voru tveggja ára gönguseiði og voru þau seiði ívið smærri við sleppingu í tjarnirnar eða 46. gr.

Niðurstöður

Seiðabúskapur

Seiðabúskapur Langár var kannaður á 12 stöðum á hefðbundnum athugunarstöðum (mynd 1). Á svæðinu neðan við Langavatn var veitt á einum stað og fannst þar mikil af vorgömlum laxaseiðum úr hrygningu haustið 2002, auk þess sem vart varð við eins árs seiði (tafla 1). Lax er nýlega tekinn að nema land á þessu svæði og er greinileg þróun í þá átt að lax nái að fullnýta þetta svæði.

Á öðrum stöðum í ánni komu fram fimm aldurshópar seiða, allt frá vorgömlum seiðum (0+) til seiða á fimmta ári (4+), en veitt var á 11 stöðum á svæðinu frá Sjávarfossi að Heiðasundfossi. Vorgömul seiða voru alls staðar í miklu magni í Langá (tafla 1, mynd 2) og eldri seiðaárgangar voru einnig mjög öflugir (tafla 2). Fjöldi vorgamalla seiða mældist að meðaltali 12,9 seiði á 100 m² og hefur aldrei áður mælst svo mikill í Langá (tafla 3, mynd 3). Fjöldi eins árs seiða var að meðaltali 19,9 seiði á 100 m² og er það einnig mesta magn seiða af þeim aldurshóp sem mælst hefur í ánni. Sama á við fjölda tveggja ára seiða, en fjöldi þriggja ára seiða og eldri undir meðallagi. Í heild mældust 45,5 seiði á 100 m² botnflatarmál í langá og hafa aldrei áður mælst fleiri seiði á flatareiningu frá því að mælingar hófust á seiðabúskap Langár (tafla 2).

Meðallengdir laxaseiða í Langá voru 3,7 cm fyrir vorgömul seiði, 5,8 cm fyrir eins árs seiði, 8,5 cm fyrir tveggja ára seiði og 9,8 cm fyrir þriggja ára seiði.. Vart varð við seiði á fimmta ári en þau voru mjög fá (tafla 3). Seiðavöxtur er almennt betri á efri hluta Langár en þeim neðri (tafla 3). Lengdardreifing laxaseiða eftir seiðaldri á einstökum veiðistöðum kemur fram á mynd 2.

Langárseiðin voru feit og vel haldin og var þyngdarstuðull seiða að jafnaði 1,11 sem lýsir seiðum í góðum holdum (tafla 4).

Vísitala lífmassa seiða í langá var að meðaltali 122,9 gr./100 m² (tafla 5) og er það hæsta gildi lífmassa sem mælst hefur í ánni. Lífmassinn var hæstur á stöð 5 þar sem lífmassinn var að meðaltali 308,7 g./100 m², en lægstur var lífmassinn á stöð 1 efst í Langá, en það svæði hefur lax ekki ennþá að fullu numið.

Laxveiðin

Sumarið 2003 reyndist eitt af bestu veiðiárum sem komið hafa í Langá á Mýrum og í ánni veiddust flestir laxar í stöng árið 2003 (Guðni Guðbergsson 2004, í prentun). Alls veiddust 2263 laxar í ánni, þar af var 306 löxum sleppt aftur í ána eða 13,5% veiðinnar. Lax sem dvalið hefur 1 ár í sjó (smálax) bar uppi veiðina og voru veiddir 2169 smálaxa í Langá og stórlaxarnir urðu alls 94 (tafla 6). Meðalþyngd smálaxa var 2,5 kg en stórlaxa 4,5 kg. Hlutfall hænga og hrygna var mjög svipað bæði hjá smálaxi og stórlaxi. Enginn silungur var bókaður í Langá árið 2003. Skilyrði til veiða voru afleit fram eftir sumri, miklir þurrkar gerðu veiðimönnum erfitt fyrir. Vatnsmiðlun úr Langavatni kom sér vel í þessu tíðarfari, en vatnsforðinn dugði ekki til og langt er síðan Langá hefur orðið svo vatnslítill að sumarlagi.

Laxveiðin dreifðist á fjölmarga veiðistaði í Langá sumarið 2003, en flestir laxanna veiddust nú í Efri Hvítstaðahyl (nr. 40) en þar veiddust 1985 laxar og aðrir aflaháir staðir voru Strengirnir (nr. 10) með 180 laxa, Álfgerðarholtskvörn (nr. 25) með 125 laxa Flúðaholan (nr. 87) með 91 lax (mynd 4).

Talning og veiðiálag

Gríðarmiklar laxagöngur voru skráðar í teljaranum við Sveðjufoss sumarið 2003 og gengu 1556 laxar upp fyrir Sveðjufoss, flestir í júlí og ágúst (tafla 7). Eins árs lax var ríkjandi en 1519 slíkir gengu á fjallið auk 37 laxa sem dvalið höfðu tvö ár í sjó. Talningar eru til upp á fjallið frá 1993 og er þetta mesta laxamagn sem gegnið hefur á fjallið frá því að skráningar hófust. Laxveiðin á fjallinu var í samræmi við þessar öflugu göngur og veiddust 615 laxar á fjallinu (tafla 8).

Veiðiálagið í stangveiðinni var að meðaltali 40,3% sem er nokkru lægra gildi en árin 2000 – 2003. Veiðiálag smálaxa var nokkru lægra eða 38,9% en hins vegar er áætlað að 70% stórlaxa hafi veiðst (tafla 8).

Stærð hrygningarstofnsins á fjallinu var áætluð 343 hrygnur og hefur aldrei verið meiri. Áætlað er að haustið 2003 hafi magn hrogna í Langá verið að jafnaði 5,2 hrogn/m² (tafla 9).

Fiskrækt

Hreistursýni voru greind af 195 löxum eða 8,6% af veiðinni 2003. Sýni af smálaxi voru 190 (97,4%) og af stórlaxi (5 (2,6%)) (tafla 10). Fjórir laxar voru að koma í annað sinn til hrygningar eða 2,0% sýnanna. Aldur í fersku vatni var frá 1 – 5 ár.

Laxar af náttúrulegum uppruna Langár eru 3 – 5 ára gamlir en lax með eins árs dvöl í fersku vatni telst af eldisuppruna.

Fjöldi laxa samkvæmt greiningu hreistursýna var uppreiknaður miðað við veiðina (tafla 11). Samkvæmt þeirri greiningu má gera ráð fyrir að 582 laxar hafi verið að skila sér úr sleppingum sjógönguseiða í langá vorið 2002, en það ár var 17.500 sjógönguseiðum sleppt í Langá. Hlutfall endurheimtra laxa úr sleppingum sumarið 2002 samkvæmt mati á hreistursýnum er því 3,3% í stangaveiði. Sé gert ráð fyrir sama veiðialagi annars staðar í Langá og á fjallinu eða 40,5% má því áætla að í heild hafi sleppingin 2002 skilað um 8,0% endurheimtum.

Umræður

Niðurstöður athugana á seiðabúskap Langár eru mjög jákvæðar og hefur fjöldi seiða og lífmassi aldrei áður mælst svo mikill í sambærilegum athugunum á ánni. Framleiðsla árinna er því í hámarki þessi árin og við bætist að lax er farinn að nema ný búsvæði efst í ánni sem eru einnig farin að auka framleiðslu Langár (Sigurður Már Einarsson o.fl. 2003). Stærð seiðaárganganna að hausti geta hins vegar aðeins gefið vísbendingu um laxgengd hverju sinni. Mikill þéttleiki í seiðamælingum verðandi gönguseiða að hausti er því ekki trygging fyrir góðri laxgengd, þar sem seiðin eiga eftir að þrauka einn vetur í ánni fyrir sjógöngu og dvelja a.m.k 1 ár í sjó þar til laxinn skilar sér aftur til hrygningar. Skilyrðin í sjónum hafa mjög mikil áhrif á stofnstærðina hverju sinni og öflugir seiðaárgangar í ánum því skilað litlu er upp er staðið.

Árangur gönguseiðasleppinga í Langá eru athyglisverðar og rekja má um fjórðung veiðinna 2003 til gönguseiðasleppinganna. Í Langá hefur verið lögð áhersla á að sleppa stórum gönguseiðum á bilinu 40 – 60 gr., auk þess sem góð tök hafa náðst á eldi seiðanna í eldisstöð. Þá er lögð mikil áhersla á umönnun seiðanna á sleppistað. Æskilegt væri að hluti sleppiseiða væri merktur með örmerkjum þannig að bera mætti saman endurheimtur merktra laxa við mat samkvæmt hreistursýnum.

Heimildaskrá

Árni Ísaksson 1985. Rannsóknir á seiðaframleiðslu Langár á Mýrum 1975-1984. Veiðimálastofnun. Skýrsla.

Guðni Guðbergsson 2003. Lax- og silungsveiðin 2002. Veiðimálastofnun Skýrsla. VMST-V/0317. 28 bls.

Ingi Rúnar Jónsson 2003. Fiskgengd um teljara í Sveðjufossi í Langá á Mýrum 2003. Veiðimálastofnun Reykjavík. Skýrsla. VMST-R/0322. 5 bls.

Sigurður Már Einarsson 1988. Rannsóknir á seiðaframleiðslu Langár á Mýrum 1986-1987. Veiðimálastofnun. VMST-V/88009X. 13 bls.

Sigurður Már Einarsson 1989. Langá á Mýrum. Fiskirannsóknir 1988. Veiðimálastofnun. VMST-V/89017X.

Sigurður Már Einarsson 1990. Laxastofn Langár á Mýrum. Fiskirannsóknir 1989. Veiðimálastofnun. VMST-V/90007X.

Sigurður Már Einarsson 1994. Seiðaframleiðsla Langár á Mýrum árin 1992-1993. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. VMST-V/94004X.

Sigurður Már Einarsson 1997. Samskipti hafbeitar og náttúrulegra laxastofna í ám við Breiðafjörð. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/97006. 40 bls.

Sigurður Már Einarsson 1998. Langá á Mýrum. Fiskirannsóknir 1997. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/98009X.


Sigurður Már Einarsson 1999. Langá á Mýrum. Rannsóknir 1998. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/99007. 5 bls.

Sigurður Már Einarsson 2001. Búsvæði laxa í Langá á Mýrum. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/01009. 13 bls.


Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Ingi Rúnar Jónsson 2001a. Laxarannsóknir í Langá árið 2000. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/01007. 17 bls.

Sigurður Már Einarsson og Björn Theódórsson 2001b. Langá 2001. Laxagöngur, seiðabúskapur og ræktun. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/01015. 12 bls.


Sigurður Már Einarsson og Björn Theódórsson 2003. Seiðabúskapur og laxaræktun Langár á Mýrum árið 2002. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/0304. 14 bls.




Mynd 1. Staðsetning rafveiðistaða í Langá.



Mynd 2. Lengdardreifing og aldur laxaseiða á veiðistöðum í Langá 18. – 19. ágúst 2003.



Mynd 3. Vísitala þéttleika laxaseiða í Langá á Mýrum 1986 til 2003. Stöðvar frá Sjávarfossi að Heiðasundfossi.



Mynd 4. Laxveiði í Langá árið 2003 eftir veiðistöðum.

Tafla 1. Vísitala seiðapétteleika (fjöldi í einni umferð á 100 m²) á laxaseiðum í Langá á Mýrum 18 -19. ágúst 2003.

Veðiastaður	Nr	Svæði m ²	Vísitala seiðapétteleika (fjöldi á 100 m ²)					Samtals
			0+	1+	2+	3+	4+	
Neðan stíflu	1	425	9,4	0,5	0,0	0,0	0,0	9,9
Efsti svæðið (1)		425	9,4	0,5	0,0	0,0	0,0	9,9
Ármót	4	195	68,7	10,8	8,2	0,0	0,0	87,7
Hornbreiða	5	264	21,2	28,0	25,0	1,1	0,0	75,4
Koteyrar	6	242	13,2	38,8	16,9	0,8	0,0	69,8
Skriðufliót	7	210	26,7	33,3	15,7	2,9	0,0	78,6
Fjallið (4-7)		911	30,5	28,4	17,1	1,2	0,0	77,3
Neðravað	8	240	8,3	30,8	34,2	4,2	0,0	77,5
Bræðrasel	9	345	1,7	9,9	3,8	0,6	0,0	15,9
Sólvangur	10	360	0,0	11,4	3,6	0,6	0,0	15,6
Byrgislaut	12	252	1,2	26,2	9,5	5,2	1,6	43,7
Jarðlangst.kv.	13	200	11,0	21,0	2,0	0,0	0,0	34,0
Glanni	14	240	3,3	4,2	2,1	0,0	0,0	9,6
Lækjarbugur	15	130	6,2	6,2	0,8	0,0	0,0	13,1
Neðra svæði. (8-15)		1767	3,8	15,6	8,0	1,5	0,2	29,1
Stöðvar (1 – 15)		3103	12,4	17,3	9,6	1,2	0,1	40,6

Tafla 2. Vísitala seiðapétteleika (fjöldi á 100 m²) Langár árin 1986 til 2003. Svæði frá Sjávarfossi að Heiðasundfossi.

Ár	Fjöldi stöðva	Svæði m ²	Fjöldi á 100 m ²					Samt.
			0+	1+	2+	3+	4+	
1986	9	3313	4,4	2,5	4,7	0,3	0,1	12,0
1987	11	2700	4,4	5,1	3,5	1,4	0	14,4
1988	11	2526	4,4	6,5	4,0	0,4	0,3	15,6
1989	9	1102	2,5	6,6	7,7	2,5	0,4	19,7
1990	13	4075	3,2	1,6	4,3	2,0	0,4	11,5
1991	10	2177	5,6	9,8	1,3	2,4	0,3	19,4
1992	11	2050	1,9	15,5	8,6	0,5	0,3	26,8
1993	9	2956	1,6	7,1	10,0	1,3	0	20,0
1994	9	2837	7,0	13,9	9,3	7,9	0,6	38,7
1995	10	2901	2,5	10,0	11,0	2,2	0,6	26,3
1996	10	3992	4,3	4,9	4,0	1,6	0	14,8
1997	10	3924	5,0	9,0	1,3	1,4	0	16,7
1998	10	2452	11,1	15,9	8,5	0,7	0	36,2
1999	9	2167	9,2	10,8	8,4	1,3	0	29,7
2000	11	2460	6,4	12,3	3,7	1,3	0	23,7
2001	11	2894	7,3	10,3	9,1	1,8	0,2	28,7
2002	11	3000	10,6	18,6	7,0	3,0	0,03	39,3
2003	11	2678	12,9	19,9	11,1	1,4	0,1	45,5
Meðaltal			5,8	10,0	6,5	1,9	0,2	24,4
Min			1,6	1,6	1,3	0,3	0,0	11,5
Max			12,9	19,9	11,1	7,9	0,6	45,5

Tafla 3. Meðallengdir laxaseiða í Langá á Mýrum 18 – 19, ágúst 2003.

Stöð	0+		1+		2+		3+		4+	
	ml	n	ml	n	ml	n	ml	n	ml	n
1	3,8	40	7,1	2						
4	3,8	134	6,5	21	9,8	16				
5	3,6	56	6,1	74	9,1	66	11,6	3		
6	3,5	32	5,6	94	8,1	41	9,8	2		
7	3,5	56	5,6	70	8,3	33	10,5	6		
8	3,9	20	5,8	74	8,5	82	10,7	10		
9	4,6	6	6,8	34	9,3	13	10,6	2		
10			6,3	41	9,2	13	11,0	2		
12	4,0	3	5,5	66	7,1	24	8,2	13	9,8	4
13	3,4	22	5,1	42	7,5	4				
14	3,9	8	6,1	10	8,7	5				
15	3,8	8	5,6	8	7,1	1				
Allar	3,7	385	5,8	536	8,5	299	9,8	38	9,8	4

Tafla 4. Meðalástandsstuðull (K) og staðalfrávik stuðulsins (SD) eftir aldri laxaseiða sem veiddust í Langá 18 - 19. ágúst 2003. Fjöldi seiða í hópum (N) er einnig gefinn.

Aldur	K	SD	N
0+	1,11	0,12	58
1+	1,09	0,10	86
2+	1,12	0,10	60
3+	1,10	0,07	16
4+	1,26	0,08	2
Samtals	1,11	0,10	222

Tafla 5. Lífþyngd (g. á 100 m²) laxaseiða í Langá 18 – 19. ágúst 2003 eftir veiðistöðum.

Veiði-Staður	Lífþyngd g/100 m ²					
	0+	1+	2+	3+	4+	Alls
1	5,6	2,0	0,0	0,0	0	7,6
4	41,2	32,7	85,7	0,0	0	159,5
5	10,8	70,0	208,9	19,1	0	308,7
6	6,2	74,9	99,4	8,4	0	188,8
7	12,5	64,3	99,4	37,3	0	213,5
8	5,4	66,1	232,6	57,2	00	361,3
9	1,8	34,3	33,9	7,9	0	78,0
10	0,0	31,4	31,1	8,9	16,7	71,4
12	0,8	47,9	37,5	31,7	0	134,7
13	4,7	30,6	9,3	0,0	0	44,6
14	2,1	10,5	15,3	0,0	0	28,0
15	3,7	12,0	3,2	0,0	0	18,8
Meðaltal	6,9	37,1	65,3	12,5	1,0	122,9

Tafla 6. Skipting laxa eftir sjávaraldri og kynjum í laxveiðinni í Langá á Mýrum árið 2003.

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Samtals	
	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.
1	1101	2,6	50,8	1068	2,4	49,2	2169	2,5
2	45	4,3	47,9	49	4,1	52,1	94	4,2
Samtals	1146	2,7	50,6	1117	2,4	49,4	2263	2,5

Tafla 7. Göngur laxa um fiskteljarann í Sveðjufossi í Langá árið 2003 (Ingi Rúnar Jónsson 2003).

Mánuður	Fjöldi laxa			% Fjöldi
	Smálax	Stórlax	Samtals	
Júní	61	10	71	4,6
Júlí	752	12	764	49,1
Ágúst	677	15	692	44,5
September	29	0	29	1,9
Samtals	1519	37	1556	100

Tafla 8. Göngur laxa, veiði og veiðihlutfall í Langá ofan Sveðjufoss 2000 til 2003, miðað við að laxveiðin hafi skipst eftir sjávaraldri í sömu hlutföllum og í göngu um teljara.

Ár	Laxveiði			Göngur um teljara			Veiðihlutfall		
	1 ár	2 ár	Samt.	1 ár	2 ár	Samt.	1 ár	2 ár	Samt.
2000	175	3	178	344	5	349	50,9	60,0	51,0
2001	207	8	215	450	18	468	46,0	44,4	45,9
2002	262	16	278	441	34	475	59,4	47,0	58,5
2003	589	26	615	1519	37	1556	38,9	70,3	40,5

Tafla 9. Áætluð stærð hrygningarstofnsins í Langá ofan Sveðjufoss árin 2000 - 2003 og áætlað hrognamagn eftir sjávaraldri á flatareiningu.

Ár	Fjöldi hrygna			Hrognafjöldi			Hrogn/m ²
	1 ár	2 ár	Samtals	1 ár	2 ár	Samtals	
2000	101	2	103	596165	22550	618715	1,52
2001	151	7	158	873155	74608	947763	2,33
2002	123	13	136	726023	141285	867308	2,14
2003	328	15	343	1973773	139455	2113228	5,21

Tafla 10. Aldur laxa í fersku vatni og sjó samkvæmt greiningu hreistursýna úr laxveiðinni árið 2003.

Aldur	1 ár í sjó				2 ár í sjó				Samtals	%
	Hæ	Hr	Ós	Alls	Hæ	Hr	Ós	Alls		
1	20	22	9	51	0	0	0	0	51	26,2
2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0
3	28	19	5	52	1	1*	0	2	54	27,7
4	40	33	13	86	1*	2**	0	3	89	45,6
5	1	0	0	1	0	0	0	0	1	0,5
Samtals	89	74	27	190	2	3	0	5	195	
%	97,4				2,6				100,0	

* Laxar sem voru að koma í annað skipti til hrygningar

Tafla 11. Aldur laxa í fersku vatni og sjó samkvæmt greiningu hreistursýna úr laxveiðinni árið 2003. Fjöldi er uppreiknaður miðað við laxveiðina í heild í ánni og leiðrétt fyrir hlutfalli eins árs og tveggja ára laxa úr sjó.

Aldur	1 ár í sjó				2 ár í sjó				Samtals	%
	Hæ	Hr	Ós	Alls	Hæ	Hr	Ós	Alls		
1	228	251	103	582	0	0	0	0	582	25,7
2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0
3	320	217	57	594	19	19	0	38	632	27,9
4	457	377	148	982	19	38	0	56	1038	45,9
5	11	0	0	11	0	0	0	0	11	0,5
Samtals	1016	845	308	2169	38	56	0	94	2263	
%		95,8				4,2				100,0